

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 12. maí 2025 kl. 12:00

Hjördís Sigursteinsdóttir setti fundinn með dagskrá og stakk upp á að Stefán Guðnasson yrði fundarstjóri og Heiða Kristín Jónsdóttir fundarritari, sem fundarmenn samþykktu. Alls voru 49 félagsmenn mættir á fundinn. Andri Valur Ívarsson lögfræðingur BHM var gestur fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla stjórnar

Hjördís Sigursteinsdóttir las *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2024-2025*, sbr. fylgiskjal. Hjördís skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.

Fram kom spurning um orlofssjóð, hvort það væri rétt að stéttarfélög væru að kaupa upp húsnæði í íbúðarhverfi og setja í útleigu sem orlofskost. Formanni vitandi hefur sú umræða ekki verið tekin með formlegum hætti en þó hefur verið rætt um þetta á fulltrúafundi OBHM óformlega.

Einnig var rætt um SKREF-ið og niðurlagningu við HÍ og upptöku HERA-kerfisins, verður það sama innleitt hér í HA? Ekki hefur verið tekin umræða um það hér í HA með formlegum hætti. Guðlaug Þóra gerði grein fyrir því gæða- og mannauðsdeildin og fjármál og greining sæi ekki fram á að um betra kerfi væri að ræða sem myndi nýtast starfsfólki í stoð- og stjórnsýslu til góðs.

Umræðan fór því næst út í samanburð á launakjörum á milli HA og HÍ innan akademíunnar og stoð- og stjórnsýslu. Um svipuð launakjör virðist vera að ræða innan akademíunnar en stoð- og stjórnsýsla raðist örlítið hærra. Frá árinu 2023 var gert áfangasamkomulag og samkvæmt því raðast allir inn í flokk 9 óháð starfsheiti en 270 rannsóknarstig til að komast upp í flokk 10 sem er í raun prófessorhæfi. Þarna er mikil þörf á að leiðréttingu og ljóst að félagsmenn þurfa að taka ákvörðun um næstu skref og halda áfram með samtalið innan HA þar sem þetta tengist stofnanasamning HA.

Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

3. Endurskoðaðir reikningar

Ása Guðmundardóttir kynnti reikninga félagsins og skýrði frá fjárhag félagsins.

Reikningar voru samþykktir að því gefnu að skrá ætti þau Fjólu Björk Karlsdóttur og Ólaf Jónsson sem skoðunarmenn reikninga en ekki endurskoðendur og verður því breytt.

Einnig kom fram fyrirspurn hvort ekki væri hægt að sjá með hvaða hætti launakostnaður félagsins skiptist niður á verkefni stjórnar FHA. Til að koma á mótis við þá beiðni þá verður annar kostnaður á ársreikningi félagsins nánar sundurliðaður framvegis. Launakostnaður hækkaði að mestu vegna þeirra funda sem forsvarsmenn FHA þurftu að sitja vegna samningamála. Formaður FHA sótti í fyrsta sinn fund erlendis hjá systursamtökum

norðurlandanna ásamt fulltrúum frá FH og FPR og eykur það einnig kostnað. Ljóst að formaður FHA er að veita ákveðna mannauðsþjónustu sem ætti mögulega heima hjá gæða- og mannauðsteymi HA.

4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga

Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt, með fyrirvara um að nafnalistinn sé réttur.

5. Ákvörðun um árgjald

Stjórn lagði til að félagsgjöld verði óbreytt eða 1,0 % af heildarlaunum félagsmanna.

Fram kom að ekki væri hægt að samþykkja óbreytt árgjald án þess að fyrir lægi fjárhagsáætlun félagsins og varð umræða um það auk umræðna um verkfallssjóð innan FHA. Lögð var fram tillaga úr sal þess efnis að lækka félagsgjald í 0,9% og greiddu 25 atkvæði með tillögunni og var hún samþykkt.

Tillögu stjórnar um óbreytt árgjald var því hafnað og verður árgjald 0,9%.

6. Tillögur til lagabreytinga

Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.

7. Kosning stjórnar og formanns

Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs sem formaður. Engin mótframboð bárust. Formaður var kosinn einróma.

Stjórnarkjör

Aðalmenn:

Auðbjörg Björnsdóttir og Guðmundur Kristján Óskarsson hafa verið aðalmenn og buðu sig bæði til áframhaldandi setu í stjórn. Engin mótframboð komu og voru þau kosin einróma til næstu tveggja ára.

Varamenn:

Heiða Kristín Jónsdóttir og Hrannar Már Hafberg hafa verið varamenn. Þau bjóða sig bæði fram áfram. Að auki hefur Valgerður Ósk Einarsdóttir boðið sig fram. Andri Valur Ívarsson lögfræðingur BHM deildi slóð með fundarmönnum þar sem kosning fór fram. Hluti fundarmanna skilaði atkvæði sínu á atkvæðaseðli sem afhentur var fundarstjóra.

Heiða Kristín Jónsdóttir Valgerður Ósk Einarsdóttir voru kosnar varamenn til eins árs.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings:

Ólafur Jónsson og Fjóla Björk Karlsdóttir eru skoðunarmenn.

Fjóla Björk Karlsdóttir og Ólafur Jónsson buðu sig áfram fram. Engin mótframboð komu og voru þau kjörin einróma.

9. Kosning samninganefndar/Samstarfsnefnd

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

10. Önnur mál

Almenn umræða meðal félagsfólks

Sameining FPR við hluta félaga FA og FHA: óformleg fyrirspurn barst frá Sigrúnu Ólafsdóttur formanns FPR um hugsanalega sameiningu akademísku félagsfólks og las formaður FHA þá fyrirspurn upp á fundinum. Almenn umræða varð um málið án niðurstöðu. Ákveðið var að halda opinn félagsfund í ágúst og ræða þau málefni sem liggja efst í huga félagsfólks.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan kl. 13:30.

Heiða Kristín Jónsdóttir, fundarritari